

Alþingi
Erindi nr. P 140/873
komudagur 5.1.2012



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Reykjavík 5. janúar 2012

Nefndasvið Alþingis
Varðar: Þskj. 37 – mál 37

Umsögn frá Íslandsstofu

Íslandsstofa fagnar tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðajónustu úti á landi. Mikilvægasta verkefni ferðajónustunnar hér á landi er að auka arðsemi atvinnugreinarinnar og verður það best gert með því að lengja ferðamannatímabilið og fjölga erlendum gestum sem heimsækja landið utan sumarmánaðanna. Til þess þarf að stunda markvissat kynningar- og markaðsstarf, sem leggur áherslu á Ísland sem áfangastað utan háannar, eins og nú er gert í markaðsverkefninu „Ísland allt árið“, en um leið þarf að hyggja að markvissri uppbyggingu áfangastaða og öflugri vörubrúun..

Samkvæmt nýlegum Ferðajónustureikningum Hagstofunnar færir hver erlendur gestur um 230.000 krónur í erlendum gjaldeyri inn í hagkerfið. Takist á næstu 6-8 árum að fjölga erlendum ferðamönnum um 440.000, þannig að þeir verði um ein milljón samtals, munu gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa aukist um 100 milljarða króna og á sama tíma mun störfum í ferðajónustunni hafa fjölgað um 5-6000.

Það er því til mikils að vinna að vel takist til um jákvæða þróun ferðajónustu hér á landi og mikilvægt að hið opinbera, fyrirtækin og hagsmunaaðilar vinni saman að því marki.

Með vinsemd og virðingu

Jón Ásbergsson
frankvæmdastjóri